

Mál nr. 52/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar ökutækis A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum veltu ökutækis.****Gögn.**

Málskot, dagsett 7.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 4:30 að morgni 31. desember 2017 var M farþegi í ökutækinu A sem B ók vestur Ásbraut í Hafnarfirði austan Goðatorgs. Þar mun A hafa verið ekið á gangstéttarkant vinstramegin miðað við akstursstefnu, farið þar yfir gangstétt og á ljósastaur. Síðan hafi A kastast utan í klettavegg áður en það staðnæmdist á hægri hlið. Í skýrslu lögreglu um aðstæður á vettvangi segir að skransför eftir A á akbrautinni að kantsteini hafi mælst 19,8 m, frá ljósastaur og að A hafi mælst 16,3 m og frá ljósastaur að ákomu í klettaveggnum 12,2 m.

Myrkur og hálka var á malbikaðri akbrautinni þar sem slysið varð. Mikið tjón er sagt hafa orðið á A. A er í lögregluskýrslu sagt vera í flokki dráttarvéla I (T1). Þá má ráða af gögnum málsins að A sé óyfyrbyggt en með veltigrind og einu farþegasæti við hlið öikumannssætis. M mun hafa verið í farþegasætinu þegar slysið varð.

Á vettvangi vaknaði grunur um að B væri undir áfengisáhrifum og var hann látinn blása í áfengismæli, svonefndan S-D2 mæli, sem mun hafa sýnt áfengismagn sem samsvaraði 0,90%. Vegna meiðsla sem B hlaut í slysinu var hann fluttur á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss. Þar voru einnig tekin úr honum tvö blóðsýni kl. 5:05 og 6:03 og eitt þvagsýni kl. 5:25 til að mæla áfengismagn í líkama hans. Áfengismagn í fyrra blóðsýninu mældist 0,98% og í því síðara 0,88%. Í þvagsýninu mældist áfengismagnið 1,23%. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 28. febrúar 2018, hefur etanolstyrkur í blóði M verið 1,3% um kl. 3 um nóttina og um 1,15% kl. 4:30.

Í skýrslu hjá lögreglu kvaðst B hafa hitt M og fleiri karla í heima hjá félaganum þar sem þeir hafi setið saman einhverja stund. Þar hafi B drukkið eitthvað af bjór en ekki mikið. Hann vissi þó ekki nákvæmlega hversu mikið hann drakk, en skildi bifreið sína eftir hjá félaganum. Þaðan hafi þeir farið á tiltekinn veitingastað en síðan hafi þeir farið til vinar hans. Að lokum hafi B farið heim til sín ásamt M sem m.a. hafi langað til að sjá A og B var með í geymslu í bílskúr heima hjá sér. Kvað B að M hafi komið inn með sér, en eftir það muni hann ekkert eftir sér fyrr en eftir slysið.

M varð fyrir miklum meiðslum í slysinu og hefur ekki getað tjáð sig um málsatvik. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut. V telur að M hafi verið meðvaldur að slysinu með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis og með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 beri að skerða bætur til M um 2/3.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni öikumanns. Hins vegar má má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóninu var meðvaldur að því af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi.

Af gögnum málsins þykir nægilega í ljós leitt að B var undir áhrifum áfengis þegar slysið varð. Þá þykir mega leggja frásögn B til grundvallar um áfengisdrykkju hans og ferðir þeirra B og M um nóttina áður en slysið varð, enda hafa engar sérstakar brigður verið bornar á þá frásögn. Miðað við það mátti M vera það fullljóst að B var undir áhrifum áfengis þegar ökuferð þeirra í A hófst. Með því sýndi hann stórkostlegt gáleysi. Líðið var langt fram á nótt þegar ferðin hófst í óyfyrbyggðu ökutækinu ásamt því að myrkur var og hálka á götum. Enginn sérstakur tilgangur virðist hafa verið með

ökuferðinni. M var á fimmtugsaldri þegar slysið varð og lærður flugmaður. Mátti M vera það gjörla ljóst að umrædd ökuferð var háskaleg og viðbúið að hún gæti endað illa. Að öllu virtu verður að telja gáleysi M það alvarlegt að rétt sé að skerða bætur úr ábyrgðartryggingu A um 2/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingar A hjá V en skerða skal bæturnar um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis.

Reykjavík, 7. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.